



Reykjavík 22. mars 2019

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags
Hverfisgata 123
birt í B deild Stjórnartíðinda 11. september 2018.**

Höfundur deiliskipulagsins er Helgi Hafliðason, arkitekt FAÍ.

Breytingin frelst í því að breytt er texta í skilmála varðandi nýtingarhlutfall. Ástæða breytingarinnar er sú að ekki er heimilt að undanskilja B-rými við útreikning heildarbyggingarmagns á nýtingarhlutfalli.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

Nýtingarhlutfall eftir breytingu er miðað við að stigahús (B-rými) teljast ekki með í flatarmáli hússins.

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

Nýtingarhlutfall A-rýma og B-rýma (brúttó) skal telja með við útreikning heildarflatarmáls hússins.

Núverandi byggingarmagn (flatarmál) er samkvæmt gildandi deiliskipulagi 600m² en verður 630m²
Núverandi byggingarmagn (rúmmál) er samkvæmt gildandi deiliskipulagi 1.700m³ en verður 1.800m³
Nýtingarhlutfall er samkvæmt gildandi deiliskipulagi 2,50 en verður 2,65

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í/á skipulags- og samgönguráði þann 3.4. 2019.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 17. apríl 2019 2019.



Björn Axelsson